

Talsmaður neytenda
Borgartúni 21
105 Reykjavík.

Reykjavík, 24. júní 2009.

Efni: Leiðbeiningarreglur talsmanns neytenda og umboðsmanns barna um aukna neytendavernd barna.

Að gefnu tilefni skal áréttaður sá skilningur SVP – Samtaka verslunar og þjónustu að leiðbeiningarreglur talsmanns neytenda og umboðsmanns barna um aukna neytendavernd barna osfrv. frá 28. janúar sl. eru eins og nafn þeirra segir til um leiðbeiningarreglur og hugsaðar sem slíkar. Af þessu leiðir að verslanir og aðrir aðilar verða ekki þvingaðir til að fylgja leiðbeiningarreglunum, td. hvað varðar framsetningu vöru í verslunum. Eðli reglnanna er slíkt að það verður ávallt hverju og einu fyrirtæki í sjálfs vald sett hvort og þá hvernig viðkomandi fyrirtæki tekur tillit til þeirra. Þá er mikilvægt að halda því til haga í þessu máli öllu saman að eðli verslanna er mjög mismunandi, varðandi opnunartíma, vöruframboð og til hvaða markhóps viðkomandi verslun höfðar.

Þessi skilningur samtakanna kom skýrt fram í umsögn þeirra þegar reglurnar voru í undirbúningi og hefur síðan þá verið áréttaður, m.a. í viðtölum við fjölmiðla. Þetta tilefni skal einnig notað til að kanna það hjá embættinu á hvaða lagaheimildum embættið byggir við setningu þeirra leiðbeiningarreglna sem hér um ræðir og ekki síður hvaða lagaheimildir embættið telur sig hafa til að framfylgja þeim með einhvers konar þvingunarúrræðum.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.